



Frábær stemming opnunarhelgina - margt framundan

Sannkölluð hátíðarstemming hefur ríkt fyrstu viku Listahátíðar. Áhorfendur hafa flykkst á tónleika, leikhús og opnanir ljósmyndasýninga og notið vorblíðunnar í miðbænum. Framundan eru margir spennandi viðburðir, kynntu þér dagskrána!

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



David Byrne á Listahátíð

Tvær sýningar eftir **David Byrne** voru opnaðar við setningu Listahátíðar sl. miðvikudag. Önnur þeirra, **Inside Out** í gluggum Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúss, stendur stutt yfir og lýkur miðvikudaginn 19. maí. Hin sýningin stendur yfir til 1. júní en hún er í upplýsingastöndum Reykjavíkurborgar, víðs vegar um bæinn, þó aðallega miðsvæðis. Sú sýning, **Moral Dilemmas**, samanstendur af veggspjöldum með siðferðisspurningum sem David Byrne varpar fram og gefur okkur þrjá valmöguleika á svari, sem ekki er auðvelt að velja á milli.

Hér fyrir neðan er hægt að sjá kort af staðsetningu borgarstandanna. Við hvetjum fólk til að fá sér göngutúr eða bíltúr og velta fyrir sér áhugaverðum spurningum, oftar en ekki spaugilegum.

[Skoða kort](#)

[Skoða alla viðburði](#)



Finnsk/íslenskur ódur til lífsins, heimilistækjasirkus, vinnustofutónleikar og ljósaahljóðverk

Það eru margir spennandi viðburðir framundan á Listahátíð næstu daga: Annað kvöld eru stórtónleikar **Sinfóníuhljómsveit Vaasa borgar** í Finnlandi sem ásamt spílurum úr **Caput** og hvorki meira né minna en þremur einleikurum og einum söngvara flytja allt frá Síbelúsi til franskra söngljóða undir stjórn **Guðna Franzsonar**.

Á fimmtudaginn er frumsýndur í Þjóðleikhúsinu heimilistækjasirkusinn **Af ástum manns og hrærivélar** og á föstudaginn stígur hinn framúrstefnulegi finnski harmóníkufrumkvöðull **Kimmo Pohjonen** á svið í NASA.

Um helgina eru svo **tólf vinnustofutónleikar** á tveimur dögum þar sem myndlistarmenn bjóða tónlistarfólki og gestum í vinnustofur sínar og kammerhópurinn **Adapter** leikur sér með ljós og splúnkuný tónverk í Listasafni Íslands.

[Skoða viðburði næstu daga](#)



Raunveruleikatékk í miðbænum

Glöggir vegfarendur hafa rekið augun í ljósmyndir sem prýða ýmis grindverk og veggmiðborgar Reykjavíkur. Þarna er að finna ljósmyndir af sýningunni **Raunveruleikatékk** á Listahátíð í Reykjavík og opnuð var síðastliðinn laugardag með leiðsögn **Æsu Sigurjónsdóttur** um sýninguna.

Í verkunum er tekist á við daglegt umhverfi, atburði líðandi stundar, við sjálfsagða hluti sem verða álitamál, en einnig hversdagstöfra í sinni einföldustu mynd. Í Raunveruleikatékki mætast ljósmyndarar og myndlistarmenn sem eiga það sameiginlegt að nota ljósmyndataeknina á skapandi hátt og snúa hversdagsleikanum upp í fagurfræði dagsins í dag. Á sýningunni eru verk eftir **Daníel Þorkel Magnússon**, **Eggert Jóhannesson**, **Harald Jónsson**, **Ievu Epnere**, **Hlyn Hallsson**, **Ingvar Högna Ragnarsson**, **Kristleif Björnsson**, **Libiu Castro** og **Ólaf Ólafsson**, **Óskar Hallgrímsson**, **Silju Sallé** og **Spessa**.

Sýningin er í miðborg Reykjavíkur til 28. júní en frá 3. júlí til 31. ágúst verður hún í og við stöðvar Landsvirkjunar um land allt.

[Hlaða niður korti af staðsetningu myndanna á sýningunni.](#)



Listahátíð | Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími (+354) 561 2444 | Fax (+354) 562 2350 | www.listahatid.is | artfestid@artfest.is

Ef þú sérð ekki póstinn smeltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar